

Fimmtudaginn 11. september 1997.

Nr. 298/1996.

Haraldur Líndal Haraldsson

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

Sigtryggi Bragasyni

Gísla Gíslasyni og

Akraneskaupstað

(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)

og gagnsök

Ráðningarsamningur. Uppsögn. Hlutfélög. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1996 og krefst þess, að gagnáfrýjendum verði sameiginlega gert að greiða sér 1.873.881 krónu auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 20. febrúar 1995 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda sameiginlega, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1996 og krefjast sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Aðaláfrýjandi tók við starfi framkvæmdastjóra Þorgeirs og Ellerts hf. í ágúst 1991. Skriflegur ráðningarsamningur var gerður við hann 12. desember sama árs, svo sem greinir í héraðsdómi. Gegndi aðaláfrýjandi framkvæmdastjórastarfi hjá félaginu til 30. júní 1994, er honum var sagt upp störfum. Þú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 15. júlí 1994.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, reisir aðaláfrýjandi kröfur sínar á hendur gagnáfrýjendum á því, að gagnáfrýjendur Sigtryggur og Gíslí, sem voru kjörnir fyrir tilstuðlan gagnáfrýjanda Akraneskaupstaðar í stjórn Þorgeirs og Ellerts hf., hafi vanrækt skyldu til að gefa þú félagsins upp til gjaldþrotaskipta, að minnsta kosti allt frá því í desember 1992. Hafi þeir gefið aðaláfrýjanda ástæðu til að ætla, að

honum yrði tryggt, að hann yrði ekki fyrir tjóni, þótt hann starfaði áfram hjá félaginu, þrátt fyrir það að eignir þess væru miklu minni en skuldir.

Aðaláfrýjandi heldur því fram, að hinir stefndu einstaklingar hafi vegna hagsmuna gagnáfrýjanda Akraneskaupstaðar látið haga rekstri og öðrum ákvörðunum um málefni Þorgeirs og Ellerts hf. eingöngu út frá því, hvað hentaði bæjarfélaginu best, einkum þó ástandi í atvinnumálum á Akranesi. Hafi þeir þannig litið fram hjá ýmsum lagaskyldum sínum gagnert til að þjóna hagsmunum bæjarfélagsins. Með þessu hafi gagnáfrýjendur Sigtryggur og Gísli svo og gagnáfrýjandi Akraneskaupstaður sem umbjóðandi þeirra í stjórn Þorgeirs og Ellerts hf. bakað sér ábyrgð á fjártjóni, sem aðaláfrýjandi hafi orðið fyrir vegna missis launa og orlofs á uppsagnarfresti, sem samkvæmt ráðningarsamningi skyldi vera sex mánuðir.

II.

Pegar aðaláfrýjandi hóf störf hjá Þorgeiri og Ellert hf., var honum kunnugt um efni árs hlutareiknings fyrir hlutafélagið vegna tímabilsins frá 1. janúar til 30. júní 1991, sem gerður var af löggiltum endurskoðanda. Í áritun endurskoðandans á reikninginn fólust ýmsir fyrirvarar. Meðal annars var tekið fram, að um óendurskoðað milliuppgjör væri að ræða og að upplýsingar í uppgjörinu væru samkvæmt eðli máls ekki eins áreiðanlegar og ella væri. Þá segir í árituninni, að langtímaástaða félagsins sé óljós, að minnsta kosti meðan reksturinn hafi ekki verið endurskipulagður.

Engin rök eru leidd að því, að gagnáfrýjendur hafi vitað eða mátt ætla, að fjárhagsástaða félagsins væri verri en milliuppgjörið gaf til efni til að búast við. Þá hefur ekkert komið fram um, að gagnáfrýjendurnir Sigtryggur eða Gísli hafi við gerð ráðningarsamningsins við aðaláfrýjanda beitt hann blekkingum eða að öðru leyti leynt hann upplýsingum um stöðu hlutafélagsins. Verður því ekki talið, að þeir eða Akraneskaupstaður hafi bakað sér skaðabótaskyldu í tengslum við ráðningu aðaláfrýjanda.

III.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, kom í ljós, eftir að aðaláfrýjandi tók við starfi framkvæmdastjóra Þorgeirs og Ellerts hf., að hagr hlutafélagsins var verri en hann hafði talið. Ársreikningur fyrir

1991 var lagður fram í nóvember 1992. Sýndi hann mun lakari stöðu en fyrrnefndur árs hlutareikningur hafði gefið tilefni til að ætla. Þá var aðaláfrýjandi tekinn við framkvæmdastjórn félagsins. Eftir 52. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, sem þá voru í gildi, fóru félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn hlutafélags, sbr. nú 68. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í starfi framkvæmdastjóra felst meðal annars, að honum er skylt að hafa eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Í héraðsdómi er að nokkru lýst aðgerðum til að halda rekstri félagsins áfram þrátt fyrir bágborinn hag þess allan starfstíma aðaláfrýjanda. Hvorki verður séð, að ástæða þess, að aðaláfrýjandi hélt áfram að vinna hjá félaginu þrátt fyrir mikla óvissu um framtíð þess, verði rakin til atvika, sem gagnáfrýjendur beri ábyrgð á, né að þeir hafi gefið honum ástæðu til að ætla, að séð yrði til þess, að honum yrði bætt tjón, sem hann kynni að verða fyrir, ef starfsemi félagsins yrði hætt vegna fjárhagserfiðleika.

Uppsagnarbréf, sem gagnáfrýjandinn Sigtryggur ritaði aðaláfrýjanda fyrir hönd stjórnar Þorgeirs og Ellerts hf. 30. júní 1994, verður ekki skýrt svo, að í því felist fyrirheit til handa aðaláfrýjanda um annan eða meiri rétt en ráðningarsamningur mælti fyrir um vegna starfa hans fram að því. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á, að aðaláfrýjandi geti átt fjárkröfu á hendur gagnáfrýjendum með stoð í bréfinu.

IV.

Eftir framansögðu verður krafa aðaláfrýjanda hvorki reist á almennum skaðabótareglum né því, að gagnáfrýjendur hafi berum orðum eða með öðrum hætti lofað honum betri kjörum við starfslok en fólust í ráðningarsamningi hans við Þorgeir og Ellert hf. Verður niðurstaða héraðsdóms því staðfest.

Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að aðilar beri hvorir sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 14. maí 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Héraðsdómi Vesturlands af Haraldi Líndal Haraldssyni, kt. 170852-3469, Kaplaskjólsvégi 93, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 1. mars 1995, á hendur Sigtryggi Bragasyni, kt. 300743-4719, Víðigerði 3, Akranesi, Gísli Gíslasyni, kt. 090755-3829, Sunnubraut 30, Akranesi, og Akraneskaupstað, kt. 410169-4449, Kirkjubraut 28, Akranesi, in solidum til greiðslu bóta, að fjárhæð 2.058.881 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndu krefjast aðallega frávísunar málsins, en til vara, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins. Til þrautavara krefjast stefndu þess, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður verði felldur niður.

II.

Frávísunarkröfu stefndu var hafnað með úrskurði, dagsettum 16. janúar sl.

Hlutafélagið Þorgeir og Ellert rak um árabíl mjög umfangsmikla starfsemi á Akranesi, en átti í mjög miklum fjárhagserfiðleikum síðustu árin, áður en starfsemi þess var hætt. Stjórnendur félagsins leituðu hvað eftir annað til bæjarstjórnar Akraness um aðstoð við að koma nýrri skipan á fjárhag félagsins. Árið 1991 var svo komið, að Akraneskaupstaður var orðinn langstærsti hluthafi í félaginu. Var meiri hluti stjórnar félagsins frá þeim tíma skipaður fulltrúum, tilnefndum af bæjarstjórn.

Í júlí 1991 átti stjórn Þorgeirs og Ellerts hf. viðræður við stefnanda um, að hann tæki að sér að vera framkvæmdastjóri félagsins. Stjórnarformaður félagsins var þá stefndi Sigtryggur Bragason, sem einnig átti sæti í atvinnu-málanefnd Akranesbæjar. Einnig sat í stjórn félagsins stefndi Gísli Gíslason, bæjarstjóri Akraness. Stefndandi kveður fram hafa komið á þeim tíma í viðræðum sínum við stjórnendur félagsins, að fjárhagsleg endurskipulagning hafi farið fram í fyrirtækinu. Í tengslum við hana hafi fulltrúum hinna ýmsu lánastofnana, sem mestra hagsmuna hafi átt að gæta, verið kynnt gögn um rekstrarforsendur fyrirtækisins og þeir metið þau svo, að for-

sendur væru fyrir framhaldi í starfsemi hjá fyrirtækinu. Stefnandi kveðst þess vegna hafa metið aðstæður svo, að koma mætti fyrirtækinu út úr þeim ógöngum, sem það hafi verið í, og ná tökum á rekstri þess. Kveður stefnandi málefnum félagsins hafa í reynd eftir þetta verið stýrt af bæjarfélaginu vegna mikilla hagsmuna bæjarfélagsins af starfseminni.

Þegar í upphafi starfs stefnanda hjá félaginu var óskað eftir úttekt lög-gilts endurskoðanda á bókhaldi félagsins. Til þess var fenginn annar endurskoðandi en sá, sem áður hafði haft bókhald félagsins til endurskoðunar. Uppgjör ársins 1991 lá fyrir í nóvember 1992. Stefnandi ritaði þá bæjaryfirvöldum á Akranesi bréf, þar sem hann gerði grein fyrir því álitinu sínu, að hann teldi fyrirtækið í raun gjaldþrota og grípa þyrfti til róttækra aðgerða, ef forða ætti því frá gjaldþroti. Jafnframt sendi hann helstu kröfuhöfum fyrirtækisins bréf, þar sem gerð var grein fyrir stöðu þess. Vegna mjög eindreginna óska bæjaryfirvalda var ákveðið að höfðu samráði við stjórnendur helstu kröfuhafa að halda áfram starfsemi fyrirtækisins og reyna að finna varanlega lausn á framtíð skipasmíðaiðnaðar á Akranesi.

Snemma árs 1994 fékk fyrirtækið heimild til greiðslustöðvunar. Í lok júní-mánaðar það ár lýsti Landsbanki Íslands yfir, að hann vildi ekki samþykkja tillögu að nauðasamningi, en væri tilbúinn til þess að gera samning við bæjaryfirvöld á Akranesi til þess að tryggja framhald skipasmíðaiðnaðar á Akranesi. Hinn 30. júní 1994 var stefnanda afhent uppsagnarbréf, þar sem var lýst yfir, að um endanleg starfslok yrði samið síðar. Félagið var svo tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni Lífeyrissjóðs málm- og skipasmíða 15. júlí 1994. Nýtt félag var þá stofnað, sem tók við rekstri skipasmíðastöðvarinnar, og var Akraneskaupstaður meðal stofnenda þess.

IV.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu annars vegar á því, að þeim sem stjórnarmönnum hafi verið skylt, löngu áður en þeir réðu hann til starfa, að gefa fyrirtækið upp til gjaldþrotaskipta, og hins vegar, að stefndu hafi lofað eða stefnanda verið rétt að álykta sem svo, að hann kæmi skaðlaus frá starfi sínu hjá félaginu.

Þorgeir og Ellert hf. var stofnað árið 1928 og starfrækti skipasmíðastöð á Akranesi allt til ársins 1994, er það var úrskurðað gjaldþrota. Hjá fyrirtækinu starfaði fjöldi manns, og fólst starfsemi félagsins aðallega í smíði skipa, viðhaldi þeirra og endurbótum.

Fram hefur komið, að stjórn Þorgeirs og Ellerts hf. óskaði eftir starfskröftum stefnanda árið 1991, er félagið réð stefnanda í stöðu framkvæmdastjóra, og var stefnanda gerð grein fyrir rekstrarerfiðleikum fyrirtækisins. Í

Ljós kom síðar við nýja endurskoðun á reikningum félagsins, að staða þess var enn verri en talið hafði verið. Fallast ber á það með stefndu, að jafnvel þótt fjárhagsstaða fyrirtækisins hafi verið verri en stefnandi var upplýstur um í upphafi starfs síns, hafi honum verið ljóst, að fyrirtækið hafði átt í erfiðleikum og nokkru áður fengið greiðslustöðvunarheimild. Ekki verður séð, að stefndu hafi við ráðningu stefnanda blekkt hann eða haldið leyndu fyrir honum mikilsverðum upplýsingum, sem máli kynnu að skipta, enda var þá ljóst af fyrirliggjandi gögnum, að staða þess var mjög erfið. Mátti stefnanda því vera ljóst, að fyrirtækið gat stefnt í gjaldþrot.

Fyrirtækinu var veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði, dagsettum 24. janúar 1994. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 21/1991 skal ekki veita greiðslustöðvun, ef sýnilega er orðið skylt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi vegna ákvæða 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991. Við uppkvaðningu úrskurðar lá fyrir afstaða allra helstu kröfuhafa í búið um, að reynt yrði með endurskipulagningu á fyrirtækinu að halda því í rekstri, svo að sem minnst tjón hlytist af fyrir kröfuhafa. Skylda til að krefjast gjaldþrotaskipta á búi félags hvílir á félagsstjórn, sbr. 113. gr. hlutafélagalaga, en getur ekki hvílt á hluthöfum, hver sem afstaða þeirra er til framhaldsrekstrar. Meta verður sjálfstætt hjá hverjum stjórnanda fyrir sig, hvort hann telst hafa hagað sér saknæmt eða ekki. Í starfi framkvæmdastjóra felst skylda til þess að gera félagsstjórn viðvart, þegar svona er orðið ástatt fyrir félagi. Telja verður, að meiri kröfur séu gerðar til framkvæmdastjóra en félagsstjórnar um að þekkja viðskipti félagsins og fjárhagslega stöðu. Gera verður þá kröfu til stjórnarmanna, að þeir kynni sér og þekki skyldur sínar í stjórninni, og á sama hátt á framkvæmdastjóri að þekkja þær skyldur, sem starf felur í sér. Á þeim tíma, sem stefnandi starfaði hjá Þorgeiri og Ellert hf., í um þrjú ár, fylgdist hann með og tók þátt í með eigendum og stjórnendum fyrirtækisins að reyna að bjarga rekstrinum með viðræðum við kröfuhafa. Af gögnum málsins er ljóst, að Akraneskaupstaður taldi hagsmunum sínum best borgið með því að reyna að halda Þorgeiri og Ellert hf. í rekstri og var með tímanum orðinn einn stærsti hluthafi í fyrirtækinu. Stefnandi telur, að sér hafi bæði með óbeinum hætti og beinum, þ. e. a. s. í uppsagnarbréfi, verið gefið loforð um, að hann færi skaðlaus frá starfi sínu hjá fyrirtækinu. Við dagsetningu bréfsins var ekki orðið ljóst, hvort félagið yrði lýst gjaldþrota. Hvorki verður talið, að orðalag bréfs þessa sé með þeim hætti, að stefnandi hafi getað búist við greiðslu frá hlutafélaginu eftir gjaldþrot þess umfram það, sem lög heimiluðu, né að stefndu, stjórnarmenn og hluthafi í félaginu, hafi verið að taka á sig persónulega ábyrgð á greiðslum þessum til handa stefnanda. Ósannað er, að stefnanda hafi á annan hátt verið lofað umstefndri

fjárhæð, og það, að stefnandi starfaði þessi ár hjá fyrirtækinu og reyndi ásamt hluthöfum, kröfuhöfum og stjórnarmönnum að halda því í rekstri og reyna að forða því frá gjaldþroti, verður því að teljast á áhættu stefnanda.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna embættisanna.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigtryggur Bragason, Gísli Gíslason og Akraneskaupstaður, skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda, Haralds Línalds Haraldssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
